

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á Aðalstræti til suðurs frá Austurstræti að Kirkjustræti og í Pósthússtræti til norðurs frá Vallarstræti að Hafnarstræti.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. marz 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að vestan Suðurfjörur, frá Hornafjarðarósi inn að Melatanga. Þaðan hugsuð lína beint í Leiðarhöfða. Þaðan takmarkast höfnin af strandlengjunni sunnan Hafnarkauptúns, austur á Heppu. Þaðan beina línu í syðsta tanga Ægissíðu og þaðan í austasta tanga hennar. Frá Ægissíðu eru takmörkin beina línu austast í Mikley og út í Austurfjörur og eftir Austurfjörum vestur að Hornafjarðarósi.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála undir stjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

3. gr.

Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af hreppsnefnd á sama hátt og aðrar fastanefndir. Varamenn eru jafnmargir. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Hafnarnefnd annast alla framkvæmd hafnarmála og hefur á hendi eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur og stýrir framkvæmdum. Hún annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil f. h. hreppsnefndar og sér um að reikningar hafnarsjóðs séu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs.

4. gr.

Hafnarnefnd ræður starfsmenn hafnarinnar.

Allar meiri háttar ákvarðanir hafnarnefndar, er varða fjármál hafnarinnar, skal senda hreppsnefnd til fullnaðar afgreiðslu.